



STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

2020 - 2021



Grunnskóladeild

Efnisyfirlit

Kennsluráðgjöf vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku	2
<i>Milli mála</i> próf	3
Fræðsla og stuðningur við skóla	5
Móttökuáætlanir	5
Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi.....	6
Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna	7
Velkomin verkefnið	7

Inngangur

Nemendum með erlendan bakgrunn hefur fjölgað jafnt og þétt í grunnskólum Kópavogs síðustu ár. Skólaárið 2020 – 2021 voru 537 nemendur með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum bæjarins og hafði þá fjölgað um 152 frá árinu 2019. Ljóst er að fjölbreytilegir nemendahópar geta verið áskorun fyrir kennara sem þurfa að leita leiða til að koma sem best til móts við alla nemendur. Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku því hefur starfsfólk grunnskóladeildar lagt sig fram um að styðja við kennara í þessu verkefni og í þessari samantekt er fjallað stuttlega um þær leiðir sem grunnskóladeild fer til að styðja við kennara og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsluráðgjöf vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku

Við skólaþjónustu grunnskóla starfaði Donata Honkowicz Bukowska, kennsluráðgjafi í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku, þar til í lok mars en fór þá í launalaust leyfi í ár. Donata var í 30% starfi við Álfhólsskóla og hafði starfsstöð þar en 70% af starfinu fór í ráðgjöf fyrir kennara í öllum grunnskólum og sneri ráðgjöfin að ýmsu sem snýr að móttöku og kennslu nemenda með íslensku sem annað mál.

Ráðgjöfin skólaárið 2020 – 2021 var með óhefðbundnu sniði vegna Covid-19 og því fór kennsluráðgjöfin meira fram í símtölum og með tölvupósti en undanfarin ár. Donata fór í byrjun skólaárs í heimsóknir út í skólana en frá og með október færðust nánast allir fundir yfir á Teams. Aðeins voru 3 heimsóknir í kennslustund yfir skólaárið að öllum sóttvarnarskilyrðum uppfylltum. Að auki sat kennsluráðgjafi samráðsfundi með fulltrúum menntasviðs, menningarhúsa og ýmsum aðilum á höfuðborgarsvæðinu. Eins tók Donata þátt í þróunarverkefnunum *Góður grunnur* – snemmtæk íhlutun í 1. bekk tveimur grunnskólum, Álfhólsskóla og Kópavogsskóla.

Verkefnið *Góður grunnur* byggði á eftirfarandi stoðum:

1. Viðráðanlegar hópastærðir svo að umsjónarkennari hafi tök á að halda utan um hópinn og ólíkar þarfir nemenda.
2. Öflug teymisvinna fyrir hópinn í heild og skólastarf skipulagt með þarfir allra nemenda í huga.
3. Þverfagleg þekking nýtt til að ná utan um ólíkar þarfir nemenda.

Mynduð voru teymi fyrir árganginn með umsjónarkennurum, deildarstjóra, sálfræðingi, talmeinafræðingi, kennsluráðgjafa í alþjóðaveri og forstöðumanni frístundarheimilis til að halda utan um verkefnið og leggja mat á árangur. Markmið verkefnisins voru eftirfarandi:

1. Að allir nemendur fái nám og stuðning við hæfi og öllum nemendum líði vel í skólanum.
2. Að kennarar fái stuðning og rými til að kenna fjölbreyttum nemendahópi á árangursríkan hátt og líði vel í starfi.
3. Að nýta betur fjármuni í skóla fyrir alla þannig að þær bjargir sem eru til staðar verði skilvirkari og árangursríkari.

Ekki er unnt að telja upp alla fundi og verkefni kennsluráðgjafa en hún kom einnig að skipulagi og undirbúningi *Velkomin verkefnisins* sem fjallað er um í þessari skýrslu og einnig hélt hún rafræna fræðslu fyrir kennara í Kópavogi yfir skólaárið:

- 16. nóvember 2020 – Að kenna orðaforða
- 7. desember 2020 – Enn fleiri aðferðir við kennslu orðaforða
- 22. febrúar 2021 – Fjölmennningarlegur námshópur
- 15. mars 2021 – Menningarlæsi - menningarnæmi

Milli mála próf

Prófið *Milli mála* er staðlað próf sem samið var af dr. Elínu Þöll Þórðardóttur, talmeinafræðingi í þeim tilgangi að meta það hvort börn og unglingar sem hafa annað móðurmál en íslensku hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í sínum árgangi.


Til hóps barna með íslensku sem annað mál teljast

- Börn sem hafa fæðst erlendis.
- Börn sem eiga annað foreldri eða báða foreldra af erlendum uppruna.
- Börn sem eiga íslenska foreldra en hafa búið 5 ár eða lengur erlendis og snúa aftur.

Prófið er lagt fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa dvalið 2 ár eða lengur á Íslandi og tekur hver fyrirloagn um 40 – 60 mínútur. Fjögur undirpróf eru á prófinu:

- orðaforði – málskilningur
- tjáning – orð
- skilgreiningar á orðum, orðatiltækjum og málsháttum
- málfræðimat


Þegar próftöku er lokið eru stigin úr hverju undirprófi talin og lögð saman í heildarstigafjölda. Stigin flokkast í þrjá litaflokka, rauðan, gulan og grænan.



- Í **rauðan** flokkast þau börn með sem eru með slakan orðaforða í íslensku og lakari en nauðsynlegt er til að skilja það sem fram fer í skólanum og til þess að vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir þau.
- Í **gulan** flokkast þau sem þurfa hjálp, en standa þó ágætlega að mörgu leyti.
- Í **grænan** flokkast þau börn sem eiga möguleika að ná árangri jafnt og aðrir nemendur.

Skólaárið 2019 – 2020 var Milli mála prófið lagt fyrir alla erlenda nemendur með íslensku sem annað mál í grunnskólum Kópavogs. Þá fengum við niðurstöðu frá 503 nemendum í öllum árgöngum. Í framhaldi var tekin ákvörðun um að leggja prófið aðeins fyrir nemendur í 1. bekk skólaárið 2020 – 2021 og frá og með skólaárinu 2021 í 1., 4., 7. og 9. bekk til að fylgjast með framvindu námsárangurs þessara barna. Þar sem aðeins er eitt eintak af prófinu til sem lagt er fyrir aftur og aftur þá er ekki hægt a nota það árlega. Eins þarf að gefa kennurum og nemendum tíma til að nota niðurstöðurnar og byggja kennsluna á þeim þáttum sem nemendur koma lakast út í.

Skólaárið 2020 – 2021 var eins og áður sagði Milli mála prófið lagt fyrir 53 nemendur með íslensku sem annað mál í 1. bekk í öllum grunnskólum bæjarins. Tilgangurinn með að skoða aðeins þennan hóp var að geta byggt á niðurstöðunum til að geta undirbúið kennsluna betur. Niðurstöðurnar komu ekki á óvart miðað við niðurstöður fyrra árs, að meðaltali komu 73% barnanna út á rauðu, 22% komu út með gula niðurstöðu og aðeins 6% með græna niðurstöðu.



Á yfirstandandi skólaári verður *Milli Mála* prófið lagt fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í 1., 4., 7. og 9. bekk.



Fræðsla og stuðningur við skóla

Grunnskóladeild skipuleggur fræðslu fyrir starfsfólk skóla og þar á meðal er fræðsla um kennslu orðaforða, aðferðir við kennslu barna með annað móðurmál en íslensku og hvernig hægt er að haga kennslu í fjölmennningarlegum námshópi. Jafnframt hefur fræðsla um menningarläsi og menningarnæmi farið fram. Haustið 2021 fer fram fræðsla til skólastjórnenda sem ber yfirskriftina „Fjölmennningarleg menntun og hlutverk skólastjórnenda í fjölmennningarlegum skóla“. Kennarar geta nálgast efni fræðslunnar á glærum á [Námsvef grunnskóladeilda](#).

Kennsluráðgjafar deildarinnar setja allir sitt mark á samráðsfundi þar sem málefni nemenda og fjölskyldna þeirra ber á góma. Einstaklingsmiðaðar þarfir og styrkleikar nemenda eru þá hafðir að leiðarljósi og meðal annars minnt á þá fjölmörgu möguleika spjaldtölvunnar til að styðja við nám nemenda og rafræn tengsl skóla við heimili. Með nýtingu spjaldtölva í skólastarfi er bent á nýtingu á hljóðupptökum fyrir upplestin fyrir mæli, lestur og raddbeitingu, hlustun á fyrir mæli og íslenskt efni við hæfi hvers og eins, þýðingar á texta í lestri og samskiptum, þýðingar á upplýsingaefni, nýtingu smáforrita sem gefa kost á sjónrænum fyrir mælum og skipulagi, kennslu í íslenskum hugtökum og hugtakanotkun heima og í skóla, möguleikum til fjölbreyttrar ritunar, kennslu í forritun og fingrasetningu á fleiri en einu tungumáli svo einhver dæmi séu nefnd.

Verkefnastjóri grunnskóladeilda hefur staðið fyrir reglulegum samráðsfundum meðal kennara sem kenna í námsverum allra grunnskólanna í Kópavogi. Þar er tækifæri til að skiptast á skoðunum, skoða verkefni sem nýtast þessum nemendahópi og deila verkefnum og hugmyndum sem nýtast vel í kennslunni. Rétt er að minnast á að aðferðir í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku nýtast fjölbreyttum hópi nemenda.

Móttökuáætlanir

Auk beinnar fræðslu hefur grunnskóladeild vakið athygli á og safnað saman hagnýtu efni á vef deildarinnar sem ber heitið [Fjölmennning og íslenska sem annað mál](#). Vefsíðan, sem sett var upp árið 2019, hefur að geyma ríkulegan námsgagnabanka fyrir leik- og grunnskólakennara. Einnig er þar að finna móttökuhandbækur fyrir leikskóla og grunnskóla sem og gátlista fyrir móttöku erlendra nemenda í frístundir, félagsmiðstöðvar og íþróttafélög.

Upphaflega var tekin saman ein móttökuáætlun sem átti að nýtast öllu skólasamfélaginu, þ.e. leikskóla, grunnskóla, frístundum, félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum. Síðar kom í ljós að heppilegra var að útbúa plagg sem hentaði hverri starfsemi fyrir sig svo að úr varð að útbúin var sérstök móttökuáætlun fyrir leikskóla og móttökuáætlun fyrir grunnskóla var endurskoðuð. Jafnframt var ákveðið að útbúa styttri og hagnýta gátlista fyrir móttöku í frístunda- og félagsmiðstöðvastarf sem og fyrir íþróttafélögin.

Einnig heldur verkefnastjóri grunnskóladeilda úti facebook-síðunni [Fjölmennning og íslenska sem annað mál í Kópavogi](#) þar sem notendur geta spurt spurninga, bent er á fróðlegar vefslóðir og ýmislegt efni sem gagnast vel við kennslu ísat-nemenda.

Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi

Haustið 2020 gaf Mennta og menningarmálaráðuneytið út [leiðarvísi](#) á þremur tungumálum um stuðning við virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Móðurmáli – samtökum um tvítyngi að taka saman leiðarvísinn í samstarfi við þá aðila sem best þekkja til á þessu sviði hér á landi.

Leiðarvísirinn byggir á lögum, stefnum og rannsóknum, en einnig reynslu og hugmyndum frá fagfólki og vettvangi og alþjóðlegum viðmiðum. Í honum er fjallað um mikilvægi þess að styðja við virkt fjöltyngi barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi, byggja upp samstarf við foreldra og efla samskipti við börn í daglegu starfi. Einnig inniheldur leiðarvísirinn ráð, leiðbeiningar og gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra, aðstandendur, kennara og annað fagfólk í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem og frístundaleiðbeinendur.

Menntavísindasvið HÍ setti einnig á laggirnar **Menntafléttuna** – ólík námskeið sem henta fagfólki í leik- og grunnskólum sem og frístundastarfi meðfram vinnu. Eitt af þeim námskeiðum byggir einmitt á þessum leiðarvísi; Móðurmál, íslenska sem annað mál og virkt fjöltyngi í grunnskólastarfi.

Markmið námskeiðsins er að styrkja leiðtoga í grunnskólum við að leiða hóp samkennara í námssamfélagi með samræðum um móðurmál, íslensku sem annað mál og virkt fjöltyngi. Leiðarljós námskeiðsins er að efla hæfni kennara til að vinna með nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Fjallað verður um hagnýtar leiðir sem styðja við móðurmál, íslensku sem annað mál og virkt fjöltyngi barna og unglunga á grunnskólaaldri, óháð námsgreinum. Þátttakendur fá innsýn í mikilvægi og mótun tungumálastefna bæði skóla og heimila. Stuðst verður við nýjan leiðarvísi menntamálayfirvalda um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi. Námskeiðið sitja verkefnastjóri á grunnskóladeild ásamt kennurum við fjóra grunnskóla bæjarins. Þannig er komið enn eitt tækifærið til að efla lærdómssamfélagið um kennslu nemenda með íslensku sem annað mál innan bæjarins betur.



Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna

Stöðumat fyrir nýkomna erlenda nemendur var gefið út af Menntamálastofnun 2020. Efnið er sænskt að uppruna og þýtt á íslensku og að vissu marki aðlagð að íslensum aðstæðum. Markmiðið með Stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans. Mat skóla snýst um að safna upplýsingum um þekkingu nemandans og túlka þær út frá markmiðum matsins. Algengasta form námsmats er að skólinn meti þekkingu nemandans í ólíkum aðstæðum í gegnum skólagöngu hans. Stöðumatið lýsir grunnþekkingu nemandans og liggur til grundvallar skipulagi kennslunnar og einstaklingsíhlutunar. Í efninu eru hugtökin námsmat (mat) og stöðumat notuð jöfnum höndum. 1 Stöðumat á þekkingu nemandans, aldri og persónulegum aðstæðum veitir skólanum grunn fyrir ákvarðanatöku skólastjóra um hvaða námshópi nemandinn á að tilheyra. Efnið er ætlað grunnskólum en það er einnig hægt að nota á framhaldsskólastigi. Stöðumatið skiptist í:

- Stig 1. Tungumál nemandans og reynslu hans
- Stig 2. Þekkingu nemandans í læsi og talnaskilningi
- Stig 3. Þekkingu nemandans í öðrum námsgreinum

Fyrstu tvö stigin eru notuð í byrjunarskimun þegar tekið er á móti nemandanum í grunnskóla. Grunnurinn styður skólastjóra í ákvarðanatöku um námshóp og einnig fyrir kennara til skipulagningar og undirbúnings kennslu.

Þriðja stigið má nota sem stuðning fyrir faggreinakennara til að undirbúa kennslu út frá því hver þekking nemandans er í viðkomandi námsgrein. Stöðumatið eykur líkur á að nemandinn fái sambærilega eða viðlíka kennslu alls staðar á landinu. Stöðumatið er forsenda þess að skólinn geti lagað kennslu, stuðning og hvatningu að hverjum og einum nemanda.

Stöðumatið hefur kennslufræðilegt gildi og leggur áherslu á þekkingu og reynslu nemandans. Efnið er ekki notað í upplýsingaviðtali eða þegar nemandinn er skráður inn í skólann þar sem beðið er um persónulegar upplýsingar, t.d. upplýsingar um heilsufar, mataræði o.s.frv.

Stefnt er að því að halda námskeið fyrir kennara í öllum grunnskólum Kópavogs 2022 til að þeir geti tekið efnið í notkun og nýtt til að undirbúa nám nýkominna erlendra nemenda sem best og byggt ofan á þá kunnáttu sem þeir hafa þegar öðlast.

Velkomin verkefnið

Velkomin Verkefnið (sértækt hópastarf) í Kjarnanum 2021

Velkomin verkefnið, samstarf frístundadeildar og grunnskóladeildar var nú í boði í þriðja árið í röð í 4 vikur í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs. Boðið var upp á vikurnar 14. – 18. júní, 21. – 25. júní, 28. júní – 2. júlí og 5. – 9. júlí.

Heildarfjöldi þátttakenda (yngri og eldri):

- Heildarfjöldi miðstigsbarna var 23 (þ.m.t. 3 yngri systkini).
- Heildarfjöldi unglinga var 19 (þ.m.t. 7 sem tala íslensku að móðurmáli).

Starfsmenn voru 4 frá félagsmiðstöðinni Kjarnanum í 100% starfi. Að auki voru ráðnir inn 2 frístundaleiðbeinendur í gegnum atvinnuáttak VMST. Þátttakendur unglunga voru í raun líka starfsmenn vinnuskólans og voru á vinnuskólalaunum á námskeiðinu og var það fyrirkomulag til þess að auðvelt reyndist að fá unglingana til að taka þátt í verkefninu.

Meginmarkmiðið með Velkomin er að virkja og valdefla miðstigsbörn og unglunga sem tala ekki íslensku sem sitt móðurmál og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla- og frístundastarf. Þá um leið að aðlagla hóp unglunga sem tala íslensku sem sitt móðurmál að fjölmenningu á Íslandi.

Þátttakendum stóð til boða að taka þátt alla vikuna, allar fjórar vikurnar í Velkomin. Flestir sem tóku þátt voru allan tímann, frá því að þau byrjuðu. Það tók þó fyrstu vikuna að fá nánast fulla mætingu, enda haft samband við þátttakendur frá fyrra sumri þegar að það þótti sýnt að skráningar í gegnum tengiliði skólana myndi ekki fylla námskeiðið. Langflestir þeir sem voru sumrinu áður á námskeiðinu þáðu að koma aftur. Þó fór einn þátttakandi erlendis og hætti því eftir 2 vikur. Nokkrir mættu að mestu, en komu ekki alla dagana. Tveir þátttakendur mættu eingöngu af og til.

Dagskrá miðstigsbarna: Fyrstu dagarnir voru hugsaðir til að kynna og aðlagast, fólki sem og aðstöðu. Eitthvað var um foreldramóttök en 1-2 vikna foreldramóttök sumrinu áður nýttist vel gagnvart þeim sem þekktu námskeiðið. Í lok viku eitt og í viku tvö var farið út í nærumhverfið, á ærslabelginn við Hamraborg, í sund, í frísbíggf í Fossvogsdalinn o.fl. Í viku þrjú og fjögur var meira farið í ferðir, eins og t.d. í Húsdýragarðinn, til Eldhesta, í Rush o.fl. Á fimmtudeginum í loka vikunni var foreldradagur, lengri dagur en vanalega. Á móti var námskeiðinu lokið – ígildi tveggja daga á einum degi. Þá snæddu þátttakendur ásamt fjölskyldum sínum saman. Eftir matinn tóku fjölskyldurnar þátt í minigolfi og höfðu gaman.

Dagskrá unglingastigs: Dagskrá hjá unglingunum var talsvert stíf en þó komu dagar inn á milli sem voru rólegri. Í ígrundun námskeiðsins með unglingunum kom fram að þeim fannst of mikið af óskipulögðum tíma. Frekar hefði verið að hafa alltaf dagskrá. Unglingarnir fóru víða og reyndu fjölmargt. Síðasta daginn var farið í kveðju-ferð um Suðurlandið. Draugasafnið á Stokkseyri var heimsótt, farið var á kajak, snætt í Hveragerði og farið í Slakka.

Aðstaða fyrir sumarnámskeiðið var nokkuð góð, enda í aðstöðu félagsmiðstöðvar sem auðveldaði notkun og aðgengi að allskyns leiktækjum, spilum o.fl. slíku. Einnig nýttum við það mikið að fara út á skólalóðina og í næsta nágrenni við Kjarnann. Það voru iðnaðarmenn að vinna við undirvinnu og málun í og við aðstöðu barnanna sem gerði aðstöðuna að hluta óhreinna og óaðgengilegri.

Upplýsingaflæði og samskipti við foreldra gekk eins og efni stóðu til. Samskipti fóru mest fram í gegnum síma og vefpóst en eins kom hluti foreldra með börnum sínum. Hægt var að ná í starfsmenn smiðjanna í gegnum síma eða pósthfang. Tungumálið var oft þrándur í götu en stundum hjálpuðu unglingarnir foreldrum sínum að skilja upplýsingar eða eldri systkini.

Mikil ánægja var með námskeiðið af hálfu þátttakenda sem og foreldrum þeirra. Fimmtán af nítján þátttakendum frá sumrinu áður tóku aftur þátt þetta sumarið. Það er ljóst að mikil verðmæti liggja í að foreldrar, fjölskyldur og börnin þekki aðstöðuna og starfsmennina og treysti og kom það ítrekað í ljós að í samtali við foreldra og eldri systkini.

Það er gefandi vinna að sjá einstaklingana virkjast og valdeflast í aðstöðu og umhverfi sem þau finna sig örugg í og fjölskyldur þeirra treysta. Það gaf starfsfólkinu mikla ánægju að sjá bros á vörum og ánægða krakka og unglunga yfirgefa námskeiðið eftir góðan dag.